

Febrúar 2021 Matseðill og ýmsir viðburðir

Regla mánaðarins: Að fara eftir fyrir mælum

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 26				
Stafur vikunnar: P		Tákn: Peysa		
1	2	3	4	5
Gúllas, kartöflustappa, grænar baunir, sulta	Tónlist Könglal. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, smjörvi, gufusoðið grænmeti	3. og 4.b koma í heimsókn Píta með hakki og grænmeti	Árg. 2018 í ípóttahús Spaghettyfiskur, rúgbrauð, smjör, ferskt grænmeti	Grjónagrautur, slátur, brauð
Vika 27				
Stafur vikunnar: T		Tákn: Grænn		
8 Bókavika	9	10 Grænn dagur	11	12
Grænmetislasagne, Kartöflustappa, melónusalat	Tónlist Reynil. og Kvistal. Púðursykur bleikja, kartöflur, Kaldar sósur, rúgbrauð, smjör, salatbar	Steiktur ritz kjúklingur, hrísgrjón, sveppasósa, ferskt salat	Árg. 2016 og 2017 í íprh. Skólahópur í ípr., til 3. og 4.b og borðar í Vhlsk. Fiskur í raspi, kartöflur, kaldar sósur, ferskt salat	Kakósúpa, tvíbökur, heitt ostabrauð, ávextir
Vika 28				
Stafur vikunnar: K		Tákn: Takk fyrir matinn		
15 Bolludagur	16 Sprengidagur	17 Öskudagur	18	19
Steiktur kjötfarsbollur, kartöflur, brún sósa, sulta, meðlæti	Tónlist Könglal. Saltkjöt og baunir	Eftir að ákveða matseðil	Árg. 2018 í ípóttahús Fiskibollur, kartöflur, brún sósa, grænmeti	Skyr, heitt brauð og ávextir
Vika 29				
Stafur vikunnar: Ö		Tákn: Bless		
22 Ávaxtadagur	23 Kjóla- og skyrtud.	24	25	26
Kjúklingur, hrísgrjón, sósa og grænmeti.	Tónlist Reynil. og Kvistal. Soðinn fiskur, kartöflur, kartöflur, smjörvi, gufusoðið grænmeti	Heilsteiktur folaldavöðvi, bátakartöflur, bernessósa maís, ferskt salat	Árg. 2016 og 2017 í íprh. Fiskur í okkar sósu, hrísgrjón, salatbar	Mexíkósk kjúklingasúpa, snakk/sýrður/ostur, heimabakað brauð

Gaman saman í febrúar

- 3. og 4.b. koma í heimsókn miðvikud. 3. feb. kl 9:20-10:30.
- Skólahópur fer í íþróttir með 1.b. kl 10:50, heimsækir 3. og 4.b. kl 11:30-12:10 og borðar í Varmahlíðarskóla.

Afmæli Birkilundar og Dagur leikskólans

Í tilefni af afmæli Birkilundar 29. janúar og Degi leikskólans 6. febrúar ætlum við að gera okkur dagamun þriðjud. 2. febrúar. Boðið verður upp á köku, leikið með blöðrur og máluð andlit.

Grænn dagur

Við höfum græna litinn áberandi þennan dag.

Bolludagur, sprengidagur, öskudagur

Á bolludaginn gera börnin á Könglalandi og Kvistalandi brauðbollur, sem boðið verður uppá í morgunmatnum. Í síðdegisdrykk verður boðið upp á brauðbollur og vatnsdeigs-bollur með sultu, rjóma og glassúr eftir óskum hvers og eins.

Á sprengidaginn borðum við saltkjöt og baunir.

Á öskudaginn verður dansað og köttur sleginn úr tunnu á hverri deild. Börnin mega koma í búningum en þurfa einnig að vera með föt fyrir útivist. Fjórið hefst fljótlega eftir kl 9.

Ávaxtadagur

Boðið verður upp á fjölbreytt úrval af óvenjulegum ávöxtum.

Kjóra- og skyrtudagur

Hér er tækifæri til að klæða sig aðeins uppá fyrir daginn, koma í skirtu eða kjól eftir því sem hver og einn vill.

Leikskólalaval

Ekkert leikskólalaval verður á vorönn 2021.

Klæðnaður barna

Það er nauðsynlegt að börnin komi með hlý föt með sér í leikskólann, eins og peysu, vettlinga, ullarsokka og kuldaskó, til að hægt sé að njóta þess að leika sér úti í frosti og snjó.

Vistunartími barns

Mikilvægt er að foreldrar virði þann vistunartíma sem samið hefur verið um. Barnið á ekki að koma áður en umsaminn tími hefst og sækja skal barnið áður en tímanum er lokið. Vinsamlegast hafið samband við leikskólastjóra ef breyta þarf vistunartíma.

Foreldrarviðtöl

Einu sinni á ári eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá kennara barnsins. Okkur finnst mjög mikilvægt að geta átt samtál við ykkur foreldra og vonumst til þess að þið nýtið ykkur þann tíma sem ykkur er úthlutaður til þess að ræða við kennara barnsins ykkar. Kennarar hafa afmarkaðan tíma til að nýta í þessi viðtöl þannig að það er mikilvægt að þið komið á þeim tíma sem ykkur er úthlutaður ef þið mögulega getið og látið okkur vita ef það gengur alls ekki upp. Fyrstu viðtölin hafa farið fram og stefnt er að því að viðtölum verði lokið í mars.

Mikil umferð við Reyniland á mánudögum

Kl. 16:00 á mánudögum er mikil umferð á planinu við Reyniland. Foreldrar verða annað hvort að koma aðeins fyrr að sækja á mánudögum eða þeir þurfa hugsanlega að leggja lengra frá.